



## Formannafundur 07. október 2015

### Fundargerð

Miðvikudaginn 7. okt. var haldinn formannafundur í félagsaðstöðu í vallarhúsinu. Fundurinn hófst kl. 18.30.

Mætt voru: Richard frá taekwondodeild, Brynja frá badmintondeild, Inga Lilja frá handboltadeild, Gunna Stína frá blakdeild, Steinunn og Villý frá fimleikadeild, Anna Olsen frá karatedeild, Óli Valur frá knattspyrnudeild og Gissur frá frjálsíþróttadeild. Dagný, Birna, Geirarður og Eymundur frá aðalstjórn. Einnig sat fundinn Indriði framkvæmdastjóri félagsins.

Dagný formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 1. *Samvinna deilda og íþróttamiðstöðvar.*

Dagný formaður ræddi um mikilvægi þess að samvinna iðkenda, þjálfara, stjórnarfólks og starfsfólks íþróttamiðstöðvar væri góð sérstaklega á álagstímum þegar margir eru á svæðinu þar sem klefar væru ekki nógu margir. Varpaði fram þeirri spurningu hvað Afturelding gæti gert til þess að skipulag í húsinu gæti gengið sem best fyrir sig. Fundarmenn voru á einu máli um að taka þátt í jákvæðu samstarfi við starfsfólk hússins varðandi skipulag. Samþykkt að fulltrúar deilda hitti fulltrúa hússins til þess að fara yfir þessi mál saman hvað varðar skipulag og umgengni í húsinu á æfingum, mótum og álagstímum.

#### 2. *Kynning á Aftureldingarvörum.*

Gunna Stína, blakdeild sagði frá Aftureldingarvörum sem deildin hefur verið að fjárfesta í. Fór hún yfir skipulag á sölunni og bauð þeim deildum sem ættu slíkar vörur að koma í samstarf. Fundarmenn tóku vel í að koma í samstarf og að gera félagið þannig sýnilegra og hrósuðu blakdeild fyrir framtakið.

#### 3. *Hreyfivika og nýstofnaður trimmhópur.*

Indriði framkvæmdastjóri sagði frá þátttöku deilda í nýafstaðinni Hreyfiviku og kynningu félagsins á starfsemi sinni á opnum æfingum sem þarna fóru fram. Þakkaði hann fulltrúum deilda fyrir að taka þátt í verkefninu sem nú er orðið árlegt. Kynningar þessar sem deildir félagsins bjóða upp á þessa viku kemur nú í stað kynninga á greinum sem var liður á Uppskeruhátíð félagsins.

Framkvæmastjóri sagði frá nýstofnuðum trimmhópi Aftureldingar sem er samstarfsverkefni með Eldingu líkamsrækt. Gæti verið vísir að almenningsíþróttadeild hjá félaginu.

#### 4. *Fjármál.*

Rætt var um fjármál og bókhald félagsins þar á meðal um skattamál.

#### 5. *Kynning frá deildum.*

**Knattspyrnudeild** – Óli Valur formaður sagði frá starfi deildarinnar í sumar og hvað framundan væri helst. Fjölgun yngri iðkenda væri ánægjuleg. Sagði hann í stuttu máli frá stöðu mála varðandi fjölnotahús og svaraði spurningum varðandi það.

**Fimleikadeild** – Steinunn Anna formaður sagði frá starfi deildarinnar og kom inn á fjölgun iðkenda en sagði að skortur væri á þjálfurum til að geta eflt starfið enn frekar. Sagði hún frá mörgum námskeiðum sem deildin hefur boðið þjálfurum sínum upp á. m.a. skyndihjálparnámskeið til að undirbúa þjálfara undir slyss sem oft eru staðreynd í sérhönnuðum fimleikasölum.

**Badmintondeild** – Brynja formaður sagði frá starfi deildarinnar sem er öflugt eins og það hefur farið af stað í haust. Stækkandi deild og fjölgun iðkenda. Traustir þjálfarar sem voru í fyrra eru áfram starfandi fyrir deildina og eru nýkomnir af þjálfaranámskeiði. Brynja lýsti óánægju sinni yfir að tjald sem koma átti í sal 2 væri ekki enn komið og gæti valdið slyshættu hjá iðkendum því á sama tíma er blakæfingar við hlið badmintonvalla. Framkvæmastjóra falið að skoða hvar málið sé statt.

**Taekwondodeild** – Richard formaður sagði frá starfinu í deildinni sem gengi mjög vel með góðum þjálfurum.

**Blakdeild** – Gunna Stína sagði frá starfinu í deildinni sem fer vel af stað. Nýr þjálfari var ráðinn sem einnig er leikmaður í mfl. karla. Miklar væntingar eru gerðar til beggja meistaraflokksliða og barna og unglíngastarf fer vel af stað. Gunna Stína formaður sagði frá skólamóti sem sett var upp í samstarfi við grunnskólana síðasta vor en gekk ekki sem skildi í haust. Skólinn hafði ekki sett það inn skipulag sitt þrátt fyrir að þetta hafi verið ákveðið s.l. vor. Gunna Stína varpaði því fram að þarna gæti verið skýring á því að iðkendur hefðu ekki skilað sér í tíma í Lágafelli sem deildin er með en voru vel nýttir í fyrra eftir þessa kynningu. Umræður urðu um kynningar í skólum yfirleitt og hve mikilvægt það er að vera í samstarfi við þá varðandi kynningar á íþróttastarfi félagsins. Framkvæmdastjóri sagði frá samstarfi við skólastjórnendur í haust þar sem ákveðið var að félagið fengi pláss á heimasíðum skólanna þar sem finna mætti upplýsingar um starf félagsins og að þar væri vísað á heimasíðu þess fyrir foreldra og nemendur til að nálgast frekari upplýsingar um starfið í félaginu.

**Karatedeild** – Anna Olsen formaður karatedeildar sagði frá starfi og ræddi m.a. um loftræstingu í bardagasalnum og fleiri atriði sem þarf að laga í salnum hið fyrsta. Anna vék því næst af fundi.

**Frjálsíþróttadeild** – Gissur gjaldkeri sagði frá starfinu og þeim breytingum sem orðið hafa á æfingaaðstöðu sem eykur fjölbreyttni hjá þeim eldri. Deildin er nú formannslaus þar sem formaður hennar er í námi í Svíþjóð. Bað hann fundarmenn að hjálpa til við að finna formann/stjórnarmann í deildina.

**Handboltadeild** – Inga Lilja sagði frá starfinu sem færi vel af stað í haust. Sagði hún frá viðurkenningu sem barna- og unglíngaráð hefði fengið frá HSÍ fyrir kröftugt starf í deildinni. Sagði hún frá að nú væri mfl. kvenna aftur í efstu deild og að karlaliðið færi vel af stað í Íslandsmótinu. Inga kom inn á í kynningu sinni að skortur á styrktar og lyftingaraðstöðu í húsinu væri að há starfinu en styrktarþjálfun er alltaf stærri og stærri þáttur í þjálfun afreksfólks og hefði líka færst niður í elstu yngri flokka.

**Körfuboltadeild** – Eymundur sagði frá starfinu í körfuboltadeild, samstarfi við Fjölni og að nú væri áttak í að fá inn iðkendur. Búið er að ráða þrjá góða þjálfara og um 20 börn séu nú að mæta á æfingar. Framundan er körfuboltadagur í samstarfi við KKÍ í Lágafelli.

#### 4. Önnur mál.

- Indriði framkvæmdastjóri talaði um nýtingu sala og hve mikilvægt væri að bjóða öðrum tíma sem félli niður t.d. út af útileikjum eða ferðalögum. Að stytta þyrfti boðleiðir og láta starfsfólk vita af öllum breytingum sem verða. Að viðburðardagatal félagsins væri stýritæki sala varðandi mót og leiki og æfingabúðir og það ættu allir að skoða sem skipuleggja starfið til að koma þannig strax í veg fyrir árekstra.
- Villý framkvæmdastjóri fimleikadeildar sagði frá hugmynd um að stofna á fésbókinni, fyrir deildir, sölusíðu á notuðum íþróttafatnaði fyrir foreldra sem gætu þá auglýst þar og selt

búninga, skó og fl. sem passar ekki lengur á börn sín. Fundarmenn voru glaðir með hugmyndina sem fer þegar í framkvæmd.

- Óli Valur nefndi þá hugmynd að þjálfarar eða aðrir innan Aftureldingar hefðu forgang að störfum innan bæjarins. t.d. sem starfsfólk íþróttahúsa, skólaliðar o.s.frv. Óli Valur ræddi einnig um rekstrarform íþróttamannvirkja og hvernig félagið gæti komið að því í framtíðinni.
- Að lokum varð umræða um að komið væri að því að undirbúa stefnumótun félagsins því langt væri síðan sú vinna hefði farið síðast fram.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 20.00

Indriði Jósafatsson  
( sign. )